

Nr. 136 /13 Mars HU 41**Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2148
Smíðaður: Hafnarfirði 1992 plast
Stærð: 6,85 brl. 8,14 bt.
Mesta lengd: 9,15 m Skráð lengd: 9,06 m
Breidd: 3,20 m Dýpt: 1,15 m
Vél: Volvo Penta 190 KW 1998
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:

Gögn RNS



Mars ©Skip.is

Málið afgreitt á fundi 14. febrúar 2014 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmari Snorrasynti

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.


Atvikalýsing:

Þann 26. ágúst 2013 var Mars HU 41 á netaveiðum í Ísafjarðardjúpi. Veður: Logn

Á veiðunum skammt fram af Kálfadal í Óshlíð stöðvaðist vélin. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir fór hún ekki í gang þar sem ekkert rafmagn virtist vera á stjórnstækjum vélarinnar. Skipstjórinn óskaði eftir aðstoð og björgunarbáturinn Gísli Hjalta dró bátinn inn til Bolungarvíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að við skoðun á rafbúnaði vélarinnar, við komu til hafnar, kom í ljós að yfirálagsvörn fyrir rafbúnað vélarinnar hafði slegið rafmagn af henni og þegar álagsvörnin var endurræst fór vélin strax í gang;
- að á vélinni er „tengibox“ með útsláttaröryggi sem hægt er að endurræsa. Vélarframleiðandi ráðleggur að ef öryggið slái út sé nauðsyn að leita orsaka;
- að útgerðarmaður sagði að einu sinni áður hafi yfirálagsvörnin slegið út rafmagnið en það hafi ekki fundist orsök þá og heldur ekki í þetta skipti.



Staðsetning yfirálagsvarnar á vélinni merkt 5 og 9

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.